



# SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P 128/1524

komudagur 6.3.2003

Selfossi, 6. mars 2003

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

## Efni: Umsögn um frumvörp til raforkulaga

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 5. mars 2003, var tekið fyrir erindi frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 5. febrúar 2003, þar sem óskað var umsagnar um frumvörp til raforkulaga, 462. mál, heildarlög, EES-reglur, og breyt. á ýmsum lögum á orkusviði, 463. mál


Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

Stjórn SASS gerir ekki athugasemdir við einstakar efnisgreinar frumvarpanna, en vill að eftirfarandi sjónarmiða verði gætt við afgreiðslu þeirra:

1. Jafnhliða nýjum raforkulögum verði gerðar varanlegar ráðstafanir til jöfnunar orkuverðs og jafnframt að tryggð verði fjármögnun hins félagslega hluta raforkukerfisins. Ekki er viðunandi að ákvörðunum um þau atriði verði slegið á frest.
2. Leiðréttta verður þá mismunun sem hefur verið við lýði á milli almenningsrafveitnanna, annars vegar þeirra sem hafa haft bein viðskipti við Landsvirkjun og hins vegar þeirra sem hafa keypt raforku í heildsölu af Rarík. Ekki verður við það unað að dagar löngu úrelts heildsölukerfis verði framlengdir.
3. Áður en frumvörpin verða samþykkt þarf að ganga rækilega úr skugga um að breytingarnar sem löggin fela í sér leiði til raunverulegs hagræðis. Helstu leiðarljósín í því sambandi eru að raforkuverð til almennings og fyrirtækja lækki frá því sem nú er og að afhendingaröryggi raforkunnar skerðist ekki.

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri